




Vellir

3 áfangi DEILISKIPULAG

Greinargerð og
skipulagsskilmálar



Útgáfa 0.4 25.01.2005

Hafnarfjarðarbær
Umhverfis og tæknisvið

ARK
arkitektar

ÍS ehf
ráðgjafar

EFNISYFIRLIT

0. SAMÞYKKTIR OG BREYTINGAR	5
0.1 Samþykktir	5
0.2 Breytingar.....	5
1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR	6
1.1 Tildrög deiliskipulagsvinnu.....	6
1.2 Gögn skipulagsáætlunarinnar	6
2. SKIPULAGSSVÆÐIÐ	7
2.1 Skipulagssvæði – lega, afmörkun og aðkoma.....	7
2.2 Gatnakerfi og stígar	7
2.3 Landslag og sérkenni.....	7
2.4 Veðurfar.....	7
2.5 Menningarminjar.....	7
2.6 Veitur og lagnir	8
2.7 Eignarhald á landi.....	8
3. VELLIR – DEILISKIPULAG –3. ÁFANGI	9
3.1 Markmið og forsendur deiliskipulags.....	9
3.2 Megininntak skipulagstillögunnar	9
3.3 Sjáfbær þróun	10
3.4 Húsagerðir.....	10
3.5 Gatnakerfi og flokkun þess	11
3.6 Göngu- og hjólaleiðir.....	12
3.7 Leiksvæði og útvist	12
3.8 Verndað hraunsvæði	13
3.9 Skjólbelti og gróðursetning	13
3.10 Almenningssamgöngur.....	13
3.11 Safngámar / grenndarstöðvar	13
3.12 Veitur og lagnir	13
4. ALMENNIR SKIPULAGSSKILMÁLAR	15
4.1 Hönnun mannvirkja og uppdrættir	15
4.2 Mæliblöð og hæðarbloð	15
4.3 Byggingarreitur / nýtingarhlutfall	16
4.4 Svalir, útbyggingar og kjallrar	16
4.5 Sorpgeymslur og sorpflokkun	17
4.6 Bílastæði og bílageymslur / bílskýli	17
4.7 Frágangur lóða.....	18
4.8 Girðingar	18
4.9 Hljóðvist	19
5. SÉRÁKVÆÐI FYRIR EINSTAKAR LÓÐIR	21
5.1 Almennt	21
5.2 Fjölbýlishús.....	21
5.2.1 Fjölbýlishús F1	23
5.2.2 Fjölbýlishús F2	23
5.2.3 Fjölbýlishús F3	24
5.2.4 Fjölbýlishús F4.....	Error! Bookmark not defined.
5.2.5 Fjölbýlishús F5	24
5.2.6 Fjölbýlishús F6	24
5.2.7 Fjölbýlishús F7	25

5.2.8	Fjölbýlishús F8	25
5.2.9	Fjölbýlishús F9 / verslun / þjónusta.....	25
5.2.10	Fjölbýlishús F10	26
5.3	Námsmannaíbúðir	26
5.3.1	Námsmannaíbúðir N1.....	27
5.3.2	Námsmannaíbúðir N2 / leikskóli	28
5.4	Lóð fyrir hjúkrunarheimili	29
5.5	Lóð fyrir heilsugæslu / þjónustu	29
5.6	Lóð fyrir kirkju	3029
5.7	Lóð fyrir sundlaug	30
5.8	Lóð fyrir spennistöð	30
5.9	Lóð fyrir sorpmóttöku	3130
6.	SKÝRINGARMYNDIR	3234
6.1	Fjölbýlishús.....	3332
6.1.1	Fjölbýlishús F 1 - F 4 og F10	3332
6.1.2	Fjölbýlishús F 5 – F 6.....	3433
6.1.3	Fjölbýlishús F 7	3534
6.1.4	Fjölbýlishús F 8	3635
6.2	Jafngildishljóðstig.....	3736
6.3	Umferðarspá.....	3837
6.4	Skýringaruppdráttur.....	3938
6.5	Skipulagsuppdráttur.....	4039

0. Samþykktir og breytingar

0.1 Samþykktir

Deiliskipulagstillaga þessi var auglýst almenningi til sýnis frá **11.06.** til **23.07.2004.**

Samþykkt í skipulags- og byggingarráði **07.09.2004.**

Samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar **14.09.2004.**

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi

0.2 Breytingar

Verði um breytingar á skilmálum þessum að ræða verður þeirra getið í þessum kafla.

Fyrsta útgáfa sem auglýst er til kynningar er merkt 0.0, næsta útgáfa sem gefin er út samhliða gildistöku verður merkt 0.1 og þar verður gerð grein fyrir þeim breytingum sem kunna hafa átt sér stað síðan tillagan var auglýst. Síðari breytingar sem gerðar verða á skipulagsskilmálum, verður getið í þeiri röð sem þær verða afgreiddar í skipulags- og byggingarráði. Breytingar verða dagsettar og skilmálarnir fá nýtt útgáfunúmer.

Útgáfa 01. dags. 10.09.2004

Þann **14.09.2004** samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar, eftir aðra umræðu, deiliskipulag þetta. Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á auglýstri tillögu:

- Breytt var lítillega legu Kirkjuvalla til móts við Berjavelli 6.
- Texti greinagerðar var yfirfarinn og leiðréttur.

Útgáfa 02. dags. 08.12.2004

Þann **30.11.2004** samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar að setja eftirfarandi breytingar í auglýsingu:

- Breytt var lítillega legu byggingarreits við Berjavelli 1 .
- Texti greinagerðar var yfirfarinn og leiðréttur til samræmis við fjögurra íbúða fjölgun og einnar hæðar hækkan á Berjavöllum 1.
- Nýjum kafla 5.2.10 Fjölbýlishús F10 er bætt við.

Útgáfa 03. dags. 14.01.2005

Þann **14.12.2004** samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar að setja eftirfarandi breytingar í auglýsingu:

- Breytt var legu (færð 2 m til norðurs) og stærð bílastæðareits við Kirkjuvelli 5 og strætisvagnastoppistöð við Kirkjuvelli færð 2 metra til norðurs.
- Texti greinagerðar var yfirfarinn og leiðréttur til samræmis við fjögurra íbúða fjölgun og einnar hæðar hækkan á Kirkjuvöllum 5.

Útgáfa 04. dags. 25.01.2005

Þann 4.1.2005 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar að setja eftirfarandi breytingar í auglýsingu:

- Breytt var legu, formi og stærð bílastæðareita við Berjavelli 3 og Einivelli 7.
- Texti greinagerðar var yfirfarinn og leiðréttur til samræmis við fjögurra íbúða fjölgun og einnar hæðar hækkan á Berjavöllum 3 og 11 íbúða fjölgun og einnar hæðar hækkan á Einivöllum 7.

1. Almennar upplýsingar

1.1 Tildróg deiliskipulagsvinnu

Tildróg deiliskipulagsvinnu voru þau að í nóvember 2002 fór fram útboð á vegum Hafnarfjarðarbæjar á deiliskipulagsvinnu við Velli 2. og 3. áfanga. Í kjölfar útboðsins var samið við lægstbjóðanda, Arkís ehf.

Deiliskipulagsvinna á 2. áfanga hófst um mánaðarmótin nóvember - desember 2002 og í maí 2003 á 3. áfanga. Jafnframt var Arkís ehf falið að endurskoða rammaskipulag fyrir allt Vallasvæðið og tengsl þess við nærliggjandi svæði. Endurskoðun þessi hefur staðið samhliða deiliskipulagsvinnu og haft áhrif á úrlausn deiliskipulagsins.

1.2 Gögn skipulagsáætlunarinnar

Deiliskipulagsáætlunin er sett fram í greinargerð þessari ásamt skipulagsupprætti, skýringarupprætti, uppdrætti af hljóðvistarmælingum og skýringarmyndum af, húsagerðum á 4 uppdráttum. Skipulagsupprættur er í mælikvarða 1:1000, dags. 12.01.2004, þar sem settir eru fram helstu þættir skipulagsins.



Horft að Grísanesi

2. Skipulagssvæðið

2.1 Skipulagssvæði – lega, afmörkun og aðkoma

Skipulagssvæði Valla 3. áfanga er um 19,4 ha. Afmörkun skipulagssvæðisins er sýnd á deiliskipulagsupprættinum. Svæðið sem er nýbyggingarsvæði norðan og vestan 1. og 2. áfanga Valla afmarkast til norðurs af miðsvæði Valla og nýrri legu Ásbrautar, til austurs af Hauksvæðinu, Berja- og Drekavöllum, til suðurs af Engjavöllum og 1. áfanga Valla og til vesturs af nýrri legu Ásbrautar/Krísuvíkurvegar (þjóðvegur 42). Krísuvíkurvegurinn fær síðar nýja legu vestar og tengist beint inn á Reykjanesbraut.

Aðkoma akandi að svæðinu er um gatnamót Ásbrautar/Krísuvíkurvegar og Ásvalla, Kirkjuvalla, Akurvalla og Engjavalla, sjá deiliskipulagsupprættit.

2.2 Gatnakerfi og stígar

Ásbraut/Krísuvíkurvegur, þjóðvegur 42, er tengibraut. Akurvelli og Engjavelli sem liggja frá tengibrautinni eru safngötur.

Stofnstígar frá eldri íbúðahverfum Hafnarfjarðar eru einkum þrír. Úr norðvestri liggur stígr frá Hvaleyrarhrauni sem ráðgert er að þveri Reykjanesbraut um undirgöng. Annar göngustígr frá Hvaleyrarholti er um göng undir Reykjanesbraut sem eru þegar komin og liggja austar en fyrrnefndur stígr. Þá liggur stofnstígr frá miðbænum framhjá íþróttasvæði Hauka að skipulagssvæðinu. Allir þessir göngustígar sameinast í einum stíg norð-austan við 1. áfanga og liggja áfram að útvistarsvæðum umhverfis Grísanesh og til útvistarsvæðis umhverfis Ástjörn og Hvaleyrarvatn.

2.3 Landslag og sérkenni

Deiliskipulagssvæðið er í 12 – 22 m hæð yfir sjávarmáli. Landslag ein kennist af hraunbollum, hraunhryggjum, hraungjótum og hraunsprungum.

2.4 Veðurfar

Vindmælingar frá Ásfjalli og Straumsvík benda til þess að hafgola úr norðvestri sé ríkjandi að sumarlagi, að degi til. Að vetrarlagi eru ríkjandi vindáttir frá austri og suðaustri. Svæðið er opið fyrir ríkjandi vindáttum.

2.5 Menningarmínjar

Í tengslum við skipulagsramma sem unnninn var 1993 – 1994 voru gerðar fornleifaathuganir á vegum Hafnarfjarðarbæjar og þjóðminjasafnsins. Þessar minjar voru síðan hnittsettar inn á kort 1999. Engar minjar eru þekktar innan skipulagssvæðisins samkvæmt þessum athugunum og því sem byggðasafnini er kunnugt um. Vakin er athygli á að “ef fornleifar finnast við framkvæmd skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum” saman ber. 10 og 13.gr. þjóðminjalaga.

2.6 Veitur og lagnir

Kvaðir um stofn- og dreifikerfi koma fram á hæðar- og mæliblöðum eftir því sem við á. Regnvatninu verður safnað saman í púkkgrýfjur og veitt þaðan út í grunnvatnið, þannig verður hreinsun aðgengilegri í framtíðinni. Háspennustrengur niðurgrafinn liggar eftir svæðinu norður suður og er göngustígur ofaná honum í dag. Háspennustrengurinn verður færður og graffinn niður í götustæði frá Engjavöllum í 3. áfanga Valla.

2.7 Eignarhald á landi

Allt land innan deiliskipulags er í eigu Hafnarfjarðarbæjar.

3. Vellir – deiliskipulag –3. áfangi

3.1 Markmið og forsendur deiliskipulags

Deiliskipulagið er þriðji áfangi í nýju íbúðahverfi vestan Grísaness og sunnan Reykjanesbrautar. Þessi áfangi er jafnframt þjónustu- og miðhverfi svæðisins og inniber, íbúðir, námsmannaíbúðir / leikskóla, stofnir, verslun og þjónustu.

Helstu skipulagsforsendur Valla 3. áfanga eru:

- Að leggja áherslu á vandað bæjarskipulag, tengsl við ósnerta náttúru, góða byggingarlist, umferðarároryggi og umhverfismál þannig að úr verði gott heildarskipulag.
- Að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi eins og því verður viðkomið í samræmi við Staðardagskrá 21.
- Að vinna samræmt skipulag á svæðinu, sem nýtir land á skynsamlegan hátt, nýtir sérkenni þess og skapar umhverfisgæði.
- Að íbúðir njóti sólar og dagsbirtu og verði í góðum tengslum við útisvæði.
- Að húsform verði notað til skjólmyndunar.
- Að þéttleiki byggðar verði í samræmi við markmið Svæðisskipulags eða sem næst 23 íbúðir á hektara að meðaltali og húsagerðir verði í samræmi við markaðsparfir.
- Að tengja byggðina útvistarsvæðum og göngustíganaði Hafnarfjarðar.
- Að gönguleiðir frá heimilum til skóla, leikskóla og stoppistöðvar strætisvagna verði stuttar og öruggar.

3.2 Megininntak skipulagstillögunnar

Byggðin skiptist í 6 mismunandi svæði hvað húsgerðir og notkun varðar. Á svæðinu milli Haukalóðar og Kirkjuvalla eru lóðir, fyrir sundlaug og kirkju. Á svæðinu milli Ásbrautar, Kirkjuvalla eru lóðir fyrir námsmannaíbúðir og leikskóla. Á svæðinu milli Kirkjuvalla og Berjavalla eru fjölbýlishús svokölluð "punkthús" briggja til sex hæða sem raða sér um opið svæði með grenndarvelli. Á svæðinu milli Kirkjuvalla, Ásbrautar og Akurvalla er verslun, heilsugæsla, þjónusta og íbúðir. Á svæðinu milli Ásbrautar, göngustígs, Akurvalla og Engjavalla er hjúkrunarheimili og íbúðir. Og á svæðinu austan við það eru lágreist fjölbýlishús (punkthús) tveggja til briggja hæða.

Byggðinni er þannig hagað að hún skýli almennt fyrir ríkjandi vindáttum, norðvestanátt á sumrum, austan og suðaustanáttum á vetrum.

Lögð er áhersla á að hraunið verði varðeitt sem mest innan lóða og aðlögun byggðar að landi verði sem best.

Umferðarkerfi er í samræmi við breytt rammaskipulag og verða götur aðlagaðar að hrauninu í legu og hæð. Umferðarkerfið miðast við að draga úr gegnumumferð, en jafnframt að gera íbúum kleift að komast á

milli staða innan hverfisins án þess að fara út á aðliggjandi megin umferðaræðar. Götur og gönguleiðir yfir þær eru útfærðar með umferðar- öryggi í huga. Gangstéttar eru beggja vegna allra gatna.

Gert er ráð fyrir almenningsvagnaleið eftir miðbiki hverfisins um Dreka- velli, Akurvelli og Kirkjuvelli. Göngufjarlægð í biðstöðvar verður innan 300 m eftir göngustígum fyrir meiri hluta byggðarinnar.

Hluti af umferðarkerfinu innan deiliskipulagsvæðisins felst í neti göngu- og hjólreiðastíga. Það tengir saman íbúðabyggðina og nærliggjandi byggða- og þjónustukjarna, útvistarsvæði og sérstakt landslag. Byggðin er ná- tengd útvistarsvæðinu sem er austan 1. og 2. áfanga hverfisins og mun tengjast svæðinu kringum Ástjörn og upp að Hvaleyrvatni. Norður suður eftir öllu svæðinu liggur megin göngustígur mitt á milli Ásbrautar og Drekavalla og milli Kirkjuvalla og Berjavalla. Við þessa tvo stíga eru tveir grenndarvellir með leiksvæðum fyrir yngri börnin. Göngustígur sem nú þegar er til staðar, liggur á milli 1. áfanga og kirkju- / sundlaugarlóðar.

3.3 Sjálfbær þróun

Leitast er við að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við úrvinnslu á skipu- laginu, eins og skipulagslög kveða á um. Það er gert með því að leggja áherslu á þéttari byggð og styttra grunnkerfi. Afleiðing þess er styttri aksturs- og gönguleiðir sem er jákvætt í vistvænu samhengi jafnframt hagkvæmni í stofnkostnaði og viðhaldi allra veitukerfa. Leitast er við að skapa pétriðið stíganet í beinum tengslum við megin göngustígakerfi og almenningsvagnakerfi bæjarins.

Ákvæði eru í skilmálunum um að innan íbúðalóða verði aðstæður fyrir hendi til að flokka sorp. Auk þess er almenn sorpmóttaka á grenndarstöð við verslunar- / heilsugæslulóð.

Byggingarreitir eru mótaðir með hliðsjón af hagkvæmum íbúðalausnum, m.a. með tilliti til byggingartækni, sólarljóss, loftunnar, skjóls, tengsla við útirými og garða.

3.4 Húsagerðir

Húsin eru við 8 götur:
Við Akurvelli eru 3 fjölbýlishús, sem auðkennd eru F5 og F10.
Við Berjavelli eru 2 fjölbýlishús, sem auðkennd eru F10.
Við Drekavelli eru 8 fjölbýlishús, sem auðkennd eru F6.
Við Engjavelli eru 2 fjölbýlishús, sem auðkennd eru F5
Við Einivelli eru 2 fjölbýlishús sem auðkennd eru F12 og F8, **bjúkrunarheimill-þjónustuþbúðir** og spennistöð hitaveitu suðurnesja.
Við Kirkjuvelli eru 4 fjölbýlishús, sem auðkennd eru F1, F2 og F11, kirkja, **heilsugæsla/þjónusta og verslun/þjónusta/ibúðir**.
Við Bjarkarvelli eru **leikskóli/leik-/grunnskóli** og námsmannaibúðir.
Við Ásvelli er sundlaug.

Námsmannaíbúðir/leikskóli grunnskóli — bílageymsla
fjöldi íbúða

N1 3-4	5 hæðir	179	201
<u>N2</u>	<u>4 hæðir</u>	<u>15</u>	
Samtals		194	

Íbúðir fyrir ofan verslun bílageymsla fjöldi íbúða

F9 3 hæðir	12	16
Samtals	12	16

<u>Fjölbýlishús</u>	<u>bílageymsla</u>	<u>fjöldi íbúða</u>
F1 6 hæðir		47
F2 5 hæðir		20
F3 7 hæðir		27
F5 3 hæðir		24
F6 2 hæðir		32
F7 5 hæðir		20
F8 4 hæðir	niður grafin	35
F10 4 hæðir		48
Samtals		253

Heildarfjöldi íbúða er samtals 459 - 463

Sjá deiliskipulagsuppdrátt.

3.5 Gatnakerfi og flokkun þess

Ásbraut / Krysuvíkurvegur er tengibraut. Tvær safngötur liggja frá tengibrautinni inn í hverfið, Akurvelli og Engjavellir. Til að draga úr umferðarhraða eru safngöturnar tengdar við Ásbraut / Krysuvíkurveg um hringtorg. Ein önnur safngata Drekkavellir er í hverfinu og liggur hún norður suður frá Akurtorgi við Akurvelli, að Fléttuvöllum. Þar sem hún þverar Engjavelli og Fléttuvelli eru hringtorg til að draga úr umferðarhraða og auka öryggi. Aðrar götur á deiliskipulagssvæðinu eru húsagötur. Sjá deiliskipulagsuppdrátt.

Skoðuð voru áhrif umferðarhávaða miðað við framreknað umferðarmagn til ársins 2024, það reyndist vera 8500 bílar/sólarhring við Einivelli / Ásbraut, 7000 bílar/sólarhring við Ásbraut milli Akurvalla og Kirkjuvalla, 9000 bílar við Ásbraut / Bjarkarvelli og 11500 bílar/sólarhring við Ásbraut milli Kirkjuvelli og Haukasvæðis. Tekið var tillit til þess í deiliskipulaginu m.a. með fjarlægð Ásbrautar frá byggingarreitum og frágangi lands milli lóðar og götu. Nánari útfærsla gatnakerfisins á svæðinu gæti haft áhrif á framreknað umferðarmagn.


Allt skipulagssvæðið er 30 km hverfi. Sjö 30 km hlið eru á skipulagssvæðinu frá Ásbraut: við Ásvelli, Kirkjuvelli, Bjarkarvelli, Einivelli, Akurvelli og Engjavelli. Á Engjavöllum er ein hraðahindrur, ein á Akurvöllum og tvær á Kirkjuvöllum í tengslum við stíga er að götunum liggja. Tvær brengingar eru á skipulagssvæðinu á Drekavöllum og Kirkjuvöllum, tvær akreinar verða að einni. Þar eru stoppistöðvar strætisvagnanna. Nánari útfærsla hraðahindrana verður ákveðin þegar kemur að framkvæmd.

3.6 Göngu- og hjólaleiðir

Megin göngustígar deiliskipulagsins eru tveir og liggja þeir annars vegar norður - suður og hins vegar austur - vestur eftir deiliskipulagssvæðinu. Austur – vestur stígrinn er þegar kominn og skilur hann á milli 1. og 3. áfanga Valla. Norður – suður stígrinn fer í gegnum íbúðabyggðina og við hann eru grenndarvellir á tveimur stöðum. Þessir tveir meginstígar eru svo samtvinnaðir á þvers með tengistígum og gangstéttum hverfisins.

Við lagningu stíga skal fella þá að hraunlandslagi þannig að það skemmis ekki við stígræðina. Þar sem gönguleiðir liggja yfir götur eru upphækkaðar hraðahindranir sem eru um leið gangbrautir. Þar er sérstaklega hugað að öryggismálum gangandi og hjólandi vegfarenda og viðeigandi ráðstafanir gerðar við nánari útfærslu.

Gangstéttar 2 m breiðar eru beggja megin við allar götur en 3 m breiðar sunnan við Kirkjuvelli. Við safngötur og Kirkjuvelli eru 3 og 2 m grasræmur á milli götu og gangstéttu. Milli Ásbrautar og gangstéttu meðfram henni byggðarmegin er 10 m breið ræma með 2 m hárrí hljóðmön, sem þakin verður með hrauni sem fellur til við gatnagerð á svæðinu. Sjá þversnið í Ásbraut hér að neðan.



Þversnið í Ásbraut.

3.7 Leiksvæði og útvist

Leiksvæði eru tvö annars vegar milli Berjavalla, Akurvalla og Kirkjuvalla og hins vegar milli Ásbrautar, Akurvalla, Engjavalla og Drekavalla. Að komur að leiksvæðunum eru eftir göngustígum og gangstéttum sem liggja frá húsagötum allt í kring. Gerð og viðhald leiksvæðanna verður á vegum Hafnarfjarðarbæjar sem jafnframt mun fylla í hættulegar sprungur og gjótur á leiksvæðunum. Frágangur og búnaður á leiksvæðunum er háður nánari útfærslu.

Hverfisvöllur með boltavöllum er á grunnskólalóðinni. Bæði grunnskólalóð og leikskólalóð í 2. áfanga Valla munu vera opnar almenningi eftir starfsdag skólanna.

Útvist er hugsuð í græna svæðinu sem gengur frá 1. áfanga Valla í gegnum miðju deiliskipulagssvæðis 2. áfanga. Einnig er mjög stutt út í opin svæði svo sem Grísanesið, Ástjörn o.fl.

3.8 Verndað hraunsvæði

Á mæliblöðum er gerð grein fyrir hrauni sem ber að vernda. Kvöð er um að ekki megi spilla eða breyta þessum náttúrukostum með neinum hætti. Lóðarhafar skulu girða slík svæði af á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir skemmdir.

Aðlaga ber hæðarlegu lóðar að ósnortnu hrauni.

3.9 Skjólbelti og gróðursetning

Innan deiliskipulagssvæðis á bæjarlandi mun Hafnarfjarðarbær gróðursetja gróðurbelti og göturé á tilgreind svæði sbr. Skipulagsupprátt. Hafnarfjarðarbær mun gróðursetja og annast þessi belti. Markmið gróðursetningarinnar er að búa til umgjörð um byggðina og skapa skjól fyrir ríkjandi vindáttum. Á lóðum spennistöðvar, gámaskóla, leikskóla, grenndarvalla og nokkurra fjölbýlishúsa verður kvöð um gróðursetningu skjólbeta, sjá skipulagsupprátt og mæliblöð.

3.10 Almenningssamgöngur

Leið almenningssvagna úr miðbæ Hafnarfjarðar og að Áslandshverfi endar í dag við íþróttamiðstöð Hauka að Ásvöllum. Ráðgert er að leiðarkerfi strætisvagna verði framlengt út að Fléttuvöllum. Þannig er ráðgert að almenningssvagnar fari að nýju hringtorgi, Fléttutorgi sem staðsett er á mótum Drekavalla og Fléttuvalla, og snúi þar við og fari sömu leið tilbaka um Drekavelli, Akurvelli og Kirkjuvelli niður að Ásbraut. Biðstöðvar eru sýndar á tveimur stöðum við Drekavelli mitt á milli Akurtorgs og Engjatorgs og við Kirkjuvelli. Áskilinn er réttur til að setja biðstöðvar á fléiri stöðum en sýndir eru á deiliskipulagsupprætti, í samræmi við væntanlegt leiðarkerfi strætisvagna á skipulagssvæðinu.

3.11 Safngámar / grenndarstöðvar

Gert er ráð fyrir grenndarstöð fyrir flokkun á endurvinnanlegu sorpi við Kirkjuvelli (á milli verslunarhlóðar og heilsugæslu). Miðað við nágildandi stefnu bæjaryfirvalda er almennt gert ráð fyrir 2 safngáum þar sem íbúar geta losað sig við endurvinnanlegan pappír og mjólkurfernur. Í sumum tilfellum, háð nánari ákvörðun, er einnig komið fyrir gámi fyrir endurvinnanlegan pappa. Útfærsla og fyrrkomulag grenndarstöðva og söfnun endurnýtanlegs úrgangs er háð ákvörðun bæjaryfirvalda á hverjum tíma og lögum og reglum sem um það kunna að verða settar.

3.12 Veitur og lagnir

Spennistöð hefur verið valin lóð á horni Akurvalla og Ásbrautar (við lóð hjúkrunarheimilis).

Háspennustrengur sem liggur niðurgrafinn milli Drekaða og Ásbrautar og áfram að Reykjanesbraut er færður og lagður í götustæði, frá Fléttuvöllum.

4. Almennir skipulagsskilmálar

4.1 Hönnun mannvirkja og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæli- og hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

Þar sem hús eru samtengd skal samræma útlit, þakform, lita- og efnisval.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar:

- Frágang lands þ.e. hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum,. Lóðarhafa ber ætíð að fylgja G - og L – tolum.
- Helstu aðkomuleiðir.
- Bílastæði.
- Sorgeyemslur.
- Staðsetningu trjágróðurs.
- Staðsetningu dvalar- og leiksvæða.
- Staðsetning stoðveggja, fláa og skjólveggja.
- Annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. 22. gr. byggingarreglugerðar (441/1998).

Fyrir fjölbýlishús gildir að samtímis aðaluppdráttum skal skila inn sér- uppdrætti er sýnir nánari frágang og skipulag lóðar. Þar skal sýna nánari útfærslu þess sem fram kemur á aðaluppdráttum:

- Yfirborðsfrágang og hæðarsetningu innan lóðar.
- Gönguleiðir.
- Nánari útfærslu trjágróðurs.
- Hönnun dvalarsvæðis og leiksvæðis með leiktækjum. Allur búnaður leiksvæða skal vera í samræmi við staðla sbr. reglugerð nr.942/2002 um öryggi leikvallatækja og eftirlit með þeim.
- Gera grein fyrir aðkomu sjúkra-, slökkvi- og sorpbíla.

Ef ósk kemur fram um frávik frá deiliskipulagi og skipulagsskilmálum skal leggja hana fyrir skipulagsfirvöld Hafnarfjarðarbæjar. Ef fallist verður á frávik verður farið með málið sem breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Lögð er sérstök áhersla á mikilvægi þess, að undirbúningur, hönnun og framkvæmdir við ný og/eða endurbætt mannvirki taki mið af nálægð þeirra við viðkvæmt landslag.

4.2 Mæliblöð og hæðarblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, bindandi byggingarlínu, fjölda og staðsetningu bílastæða og kvaðir ef einhverjar eru.

Fyrirvari er gerður um nákvæmni t.d. lóðarstærða eða afmörkunar á því sem einhver vafi leikur á um og getur breyst lítillega við nánari hönnun.

Á hæðarblöðum eru sýndar hæðir á lóðamörkum fjær götu (L) (L = óhreyft land) og hæðir lóða að gangstétt / götu (G). Hæðartölur (H) eru leiðbeinandi fyrir aðaliningangshluta aðalhæðar og skulu frávik umfram +/- 30 sm. koma til umfjöllunar hjá skipulagsyfirvöldum Hafnarfjarðarbæjar. Heimilt er að aðlaga aðra hluta en inngangshluta aðalhæðar að landi eftir aðstæðum. Hæð þaks yfir hæðartölu aðkomuhæðar er gefin í skilmálum þessum, sjá í kafla 5 sérákvæði fyrir einstakar lóðir.

Á hæðarblöðum er einnig sýnd lega vatns- og frárennslislagna. Staðsetning skábrauta að bílakjöllurum er leiðbeinandi, heimilt er að flytja skábrautir innan lóðar enda sé sýnt fram á að það sé ásættanleg lausn.

Á mæliblöðum er gerð grein fyrir hrauni sem ber að vernda.

4.3 Byggingarreitur / nýtingarhlutfall

Byggingarreitur og byggingarlína eru sýnd á mæliblaði og skipulagsupprætti og skal byggingin standa innan byggingarreitsins, þ.m.t. anddyri og stigahús, nema annars sé sérstaklega getið í 4.4 kafla og 5. kafla.

Byggingareitir eru táknaðir með brotnum línum, sem tákna ystu mörk bygginga og lágmarksfjarlægð frá lóðarmörkum.

Þar sem bundin byggingarlína er sýnd með heilli línu ber að bindast henni í samræmi við sérskilmála fyrir hverja lóð sem fram koma í kafla 5.

Byggingarreitir á deiliskipulagsupprætti miðast við steinsteypt hús hvað varðar fjarlægð frá lóðarmörkum.

Nýtingarhlutfall er gefið upp, fyrir utan neðanjarðar bílgeymslu.

4.4 Svalir, útbyggingar og kjallrar

Heimilt er að draga inn fyrir og jafnframt að byggja út fyrir byggingarreit, skyggni, svalir og skjólveggi alls staðar þar sem aðstæður leyfa, einnig þar sem bundin byggingarlína er.

Aðalsvalir íbúðar sem snúa best gagnvart sólu, skulu ekki vera mjórri en 2,0 m. Æskilegt er að svalir séu að hluta til inndregnar með tilliti til skjóls. Þess skal þó ávallt gætt að fylgt sé ákvæðum 75. gr. byggingarreglugerðar um fjarlægð útbygginga frá lóðarmörkum og ákvæði um fjarlægð milli húsa að öðru leyti en skilmálar þessir segja til um.

Útbyggingar eru heimilar á eftirfarandi hátt :

Fjölbýlishús F7 : Leyfð er útbygging fyrir inngang, stigahús og lyftu allt að 4,0 m að dýpt út fyrir byggingarreit hússins og 8 m að lengd, garðmegin við húsið.

Almennt er ekki gert ráð fyrir kjöllurum, en þeir eru þó heimilaðir þar sem staðhættir leyfa, en ekki er tryggt að sjálfreynslu fráveitu náist. Lóðarhafar kosta sjálfrir fráveitur frá slíkum rýmum liggi þau neðar en ráðgerðar fráveitulagnir.

4.5 Sorpgeymslur og sorpflokkun

Ákvæði eru í skilmálum um að innan íbúðalóða verði aðstæður fyrir hendi til að flokka sorp. Sorpgeymslur skulu að öðru leiti vera í samræmi við 84. grein byggingarreglugerðar (441/1998).

Sorpgeymslu skal staðsetja innan lóðar á snyrtilegan og tryggan hátt. Í eða við öll hús skal gera ráð fyrir sorpflokkun til framtíðar.

4.6 Bílastæði og bílageymslur / bílskýli

Innkeyrsludyr í bílageymslur skulu vera a.m.k. 7 m. frá lóðarmörkum. Bílastæði skulu ekki vera stytti en 5 m.

Bílastæði við götu, utan lóða, eru til almennra nota.

Á lóðum fjölbýlishúsa og íbúðum á efri hæð verslunar skal koma fyrir einu bílastæði fyrir hverja íbúð sem er 80 fermetrar eða minni (birt flatarmál) en tveimur bílastæðum fyrir hverja íbúð sem er yfir 80 ferm. að flatarmáli (birt flatarmál).

Á námsmannáíbúðalóðunum skal koma fyrir einu bílastæði á íbúð. Á heilsugæslu-þjónustulóð og verslunar-þjónustulóð skal koma fyrir einu stæði á lóð fyrir hverja 30 m² (brúttó flatarmál) af byggingu atvinnuhúsnæðis.

Að lágmarki 70 stæði skulu vera á lóð hjúkrunarheimilis.

Við kirkjuna skulu vera að lágmarki 95 stæði.

Við sundlaugina skulu vera að lágmarki 267 stæði sem koma til með að samnýtast með Haukasvæðinu og kirkjunni.

Á lóð fjölbýlishúss F8 skal gera bílageymslum neðanjarðar, þar skal gera ráð fyrir a.m.k. einu bílastæði fyrir hverja íbúð sem er stærri en 80 m², þ.e.a.s. annað af tveimur bílastæðum sem ber að sýna fram á fyrir þær íbúðir. Þó skulu bílastæði í bílageymslu aldrei vera færri en 75% af heildar íbúðafjöldanum.

Heimilt er að setja bílageymslur neðanjarðar á öllum öðrum lóðum skipulagsins ef ástæða þykir til. Þar gildir ekki reglan að gera skuli bílastæði fyrir íbúðir stærri en 80 m² eða að bílastæði skuli ekki vera færri en 75% af heildar íbúðafjölda.

Öll bílastæði í bílageymslu skulu tilheyra og vera óskipt eign tiltekinnar íbúðar í húsinu.

Hámarkshalli á skábraut í bílageymslu skal vera 1:7. Allar skábrautir skulu vera upphitaðar.

Heimilt er að setja bílageymslur á aðalhæð (H-tölu á hæðarblaði) í fjölbýlishúsum F5 og F6. Hámarkshalli á aðkomu að bílgeymsluhurð er 5%.

Fjöldi bílastæða fyrir fatlaða við fjölbýlishús skal vera í samræmi við gr. 3.1.4 í skipulagsreglugerð (400/1998).

Bílastæði skulu almennt vera í samræmi við 64 gr. byggingarreglugerðar (441/1998) og gr. 3.1.4 í skipulagsreglugerð (400/1998).

4.7 Frágangur lóða

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við samþykkta aðalupplifun og 3. kafla byggingarreglugerðar (441/1998).

Á aðalteikningum skal sýna fyrirkomulag lóðar s.s. frágang lands, skjólveggi, girðingar og trjágróður. (sjá kafla 4.1).

Hönnun fjölbýlishúsalóða skal liggja fyrir samtímis aðalteikningum. Hún skal hljóta samþykki Umhverfis- og tækniðs Hafnarfjarðar áður en aðalteikningar eru samþykktar. Á teikningum af lóð skal koma fram : Yfirborðsfrágangur lóðar, hæðarsetningar, tegund gróðurs og frágangur leiksvæðis. Greiður aðgangur og öryggi leiksvæða gagnvart umferð er krafist. Allur búnaður leiksvæða skal vera í samræmi við staðla sbr. reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og eftirlit með þeim. Einnig skal gera grein fyrir aðkomu sjúkra-, slökkviliðs- og sorpbíla sbr. 3. kafla byggingarreglugerðar.

Sérstaka hraunjaðra, hraunbolla og hraundranga ber að varðveita svo sem sýnt er á mæliblöðum einstakra lóða og gera skal grein fyrir þeim á afstöðumynd. Um varðveislu slíkra landslagssérkenna gildir almennt sú regla að ekki megi girða þá hluta lóðanna af með girðingum nema á meðan á byggingarframkvæmdum stendur sbr. hér að neðan. Lóðarhafa er skylt á meðan á byggingarframkvæmdum stendur að girða af hraunjaðra og hraunbolla sem ber að varðveita samkvæmt skipulagsskilmálum og sýndir eru á mæliblöðum einstakra lóða. Lóðarhafa ber að hlíta úrskurði byggingarfulltrúa um umfang slíkra girðinga. Girðingar skulu vera þannig gerðar að þær hindri aðgang vinnuvéla.

Aðlaga ber lóðarhæð að ósnortnu hrauni.

Fylling í hættulegar gjótur og sprungur innan lóða er á ábyrgð lóðarhafa. Lóðarhafi skal ganga frá lóð sinni meðfram bæjarlandinu og sjá sjálfur um framkvæmdir (jarðfláar, stoðveggir og girðingar þar með taldar) og frágang á lóð sinni og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar hæðartölur og teikningar. Lóðarhafa ber að fylgja G- og L-tolum sem sýndar eru á mæli- og hæðarblaði.

Öll stöllun á lóð skal gerð innan lóðar og skal fjarlægð stallar/fláa frá lóðarmörkum vera a.m.k. jöfn hæð þeirra, nema þar sem óhreyft landslag býður upp á betri lausnir. Ef flái er notaður þá skal hann ekki vera brattari en 1:3.

Lóðarhafa er ekki heimilt að ryðja eða moka jarðvegi út fyrir lóðamörk. Óheimilt er að raska óhreyfðu landi utan lóða. Allan jarðveg og grjót, sem losnar vegna grafrar fyrir sökklum skal lóðarhafi fjarlægja af svæðinu samkvæmt fyrirmælum gatnadeilda.

4.8 Girðingar

Óheimilt er að reisa girðingar á lóðamörkum sem snúa að vernduðum hraunjöðrum. Leitast skal við að hafa hraunjaðra sem náttúrulegasta. Bent er á möguleika á skjólmyndun með gróðri / jarðvegi / hrauni. Heimilt er að reisa alt að 180 sm háa girðingu innan lóðamarka í minnst 180 sm fjarlægð frá lóðamörkum.

Um girðingar gilda að öðru leyti fyrirmæli byggingarreglugerðar 67.gr.3.kafla.

4.9 Hljóðvist

Hljóðvist bygginga skal vera tryggð, þannig að lágmarksákvæðum um viðmiðunargildi sé fullhægt. Til að tryggja ásættanlega hljóðvist á reitum innan Ásbrautar, Engjavalla, Berjavalla og Kirkjuvalla, gerir deiliskipulagið ráð fyrir að byggingarnar séu hannaðar á þann máta að viðmiðunargildi innanhúss, hvað varðar umferðarhávaða, verði ekki yfir 30 dB(A) og að viðmiðunargildi utan við húsvegg á jarðhæð 55 dB(A), sbr reglugerð um hávaða nr. 933/1999.

Línuhönnun hf sé um útreikninga á hljóðvist á Völlum 3. áfanga. Eftirfarandi er tekið úr minnisblaði frá Línuhönnun hf dags. 13.01.2004:

“Forsendu r:

Við hljóðreikninga var notað hávaðareikniforritið SoundPlan og hljóðstig reiknað samkvæmt samnorraenu reiknilíkani í samræmi við kröfur reglugerðar um hávaða nr. 933/1999.

Í reglugerð um hávaða frá árinu 1999, eru ákvæði um viðmiðunargildi og leiðbeiningargildi fyrir umferðarhávaða. Er þar kveðið á um, að útreiknað hljóðstig skuli fundið með samnorraenu reiknilíkani fyrir umferðarhávaða: “Nordisk beräkningsmodell för vägtraffikbuller.”

Hljóðstig frá umferð er mælt og markgildi sett sem svokallað jafngildishljóðstig í dB(A) fyrir heilan sólarhring. Viðmiðunargildi miðast við ákveðna tímadreifingu umferðarinnar, þannig að reiknað er með að 7-8% umferðar á stofnbrautum og tengibrautum sé næturumferð, en um 4-5% á safngötum og húsagötum. Næturumferð hér lendis telst vera á milli klukkan 00.00 og 07.00. Þessi forsenda um tímadreifingu umferðarinnar gefur um 7-8dB(A) minni umferðarhávaða að næturlagi en að degi til á stofnbrautum og tengibrautum, en um 9-10 dB(A) minni hávaði á safn- og húsagötum [Reglugerð um hávaða, Umhverfisráðuneytið 1999]

Viðmiðunargildi fyrir umferðarhávaða vegna nýskipulags utan við opnanlega glugga á íbúðarhúsnæði er 55 dB(A).

Miðað er við fyrirhugað gatnakerfi og áætlaða umferð árið 2024, sjá töflu

Götuheiti	Fjöldi ökutækja á sólarhring	Hlutfall þunga ökutækja	Hraði léttra ökutækja	Hraði þunga ökutækja
Ásbraut milli Hellna- og Hrauntorgs	8500	3%	50km/klst	40km/klst
Ásbraut milli Hrauna- og Vallatorgs	7000	3%	50 km/klst	40km/klst
Ásbraut milli Valla- og Kirkjutorgs	9000	3%	50 km/klst	40 km/klst
Ásbraut milli Kirkju- og Tjarnartorgs	11500	3%	50 km/klst	40 km/klst

Kirkjuvellir	2000	3%	30 km/klst	30 km/klst
Kirkjuvellir (við Vallatorg)	1500	3%	30 km/klst	30 km/klst
Akurvellir	3500	3%	30 km/klst	30 km/klst
Drekavellir	800	3%	30 km/klst	30 km/klst
Engjavellir	1300	3%	30 km/klst	30 km/klst

Nánari upplýsingar um umferðarspá sjá skýringarmynd kafla 6.3.

Gert er ráð fyrir tveggja metra háum hljóðmönnum meðfram Ásbraut milli Hellnatorgs og Berjavalla og á milli Bjarkavalla og Kirkjutorgs komi 1,6 m hár hljóðvarnarveggur sem yrði ekki fjær vegkanti en 1,5 m.

Niðurstaða:

Samkvæmt útreikningum miðað við fyrrgreindar forsendur fer jafngildishljóðstig við fyrirhuguð fjölbýlishús ekki yfir viðmiðunargildin það er 55 dB(A). Skýringarmynd í kafla 6.2 sýnir jafngildishljóðsígið í 2 metra hæð.”

5. Sérákvæði fyrir einstakar lóðir

5.1 Almennt

Skipulagsuppráttur sýnir í meginatriðum afstöðu bygginga til götu og lóða við ólíkar aðstæður.

Skýringaruppráttur sem fylgir skilmálum þessum sýnir í meginatriðum afstöðu einstakra bygginga til götu og lóða. Byggingunum er snúið þannig að þær myndi sem best skjól fyrir ríkjandi vindáttum, svo að útvist á lóð verði sem best. Lóðarhafar skulu einnig huga vel að skjól-myndunum á lóðum sínum, bæði með gróðri og skjólveggjum. Fyrirvari er settur um að húsgerðir falli vel og eðlilega að landi á hverri lóð.

Við efnisval skal hafa í huga að byggingarnar eru staðsettar í næsta nágrenni við hraunlandslag. Hvatt er til þess að samvirki sé á milli forma, notagildis og efnisvals.

Hámarkshæðir húsa hvetja til þess að lofthæð innan íbúða sé meiri en hefðbundin lágmarkshæð. Miðað er við 3 m salarhæð m.a. til að koma til móts við auknar hljóðvistarkröfur.

Bílastæðakröfur á íbúðahúsalóðum sjá 4.6. Staðsetning þeirra er sýnd á skipulagsuppráttum og mæliblöðum.

5.2 Fjölbýlishús

Á skipulagssvæðinu eru nú mismunandi gerðir af fjölbýlishúsum F1-F10, tveggja til sjö hæða. Alls 22 hús með 249 íbúðum. Fjölbýlishúsin skiptast þannig að fimm standa við Kirkjuvelli, tvö við Berjavelli, þrjú við Akurvelli, átta við Drekkavelli tvö við Engjavelli og tvö við Einivelli.

Allar íbúðir skulu ná í gegnum húsin.

Heimilt er að hafa kjallara undir fjölbýlishúsunum og nýta þá fyrir bíla-geymslur og / eða sameign s.s. sameiginlegt þvottahús, hjóla-, sorp- og séreignargeymslur. Sjá kafla 4.4 um kjallara.

Heimilt er að gera íbúðir fyrir neðan aðalhæð (H-tölu á hæðarblaði) þar sem hæðarlegu lóðar er þannig háttar að minnsta kosti tvær hliðar íbúðarinnar eru uppúr landi. Ekki er heimilt að grafa niður lóðina til að koma íbúð fyrir.

Við fjölbýlishús F1 – F 4 og F7 – F10 er heimilt að hafa óupphitaða svalganga, í samræmi við skilgreiningu B rýma í fylgiskjölum með reglugerð um eignaskiptayfirlýsingar, útreikninga hlutfallstalna o.fl. í fjölbýlishúsum. Svalganga skal skýla með gegnsæju gleri eða samþærilegu efni. Þannig að þeir sem ferðast um þá séu í skjóli fyrir veðri og vindum og geti horft óhindrað út. Aðgangur að svalgöngum skal vera um læst anddyri / vindfang og stigahús (og lyftuhús þar sem það á við). Tryggja skal útloftun og útsýni frá íbúðum um svalganga. Allur frágangur vegna lokunar á svalgöngum skal vera þannig að kröfum um

brunavarnir og loftræsingur sé fullnægt í samræmi við bruna- og heilbrigðisreglugerð.
Ef svefnherbergi snúa að svalgangi er æskilegt að innsýn sé takmörkuð.

Í fjölbýlishúsum F5 – F6, sem eru þriggja og tveggja hæða byggingar, er heimilt að hafa svalganga eins og í fjölbýlishúsum F1 – F4 og F7-F10. Svalgangar þessir mega vera opnír og án anddyris eða vindfangs.

Í öllum fjölbýlishúsunum er mælt með að innngangar séu út- eða inndregnir miðað við hús, til að auðkenna þá. Að hámarki 2 m út fyrir byggingarreit. Í fjölbýlishúsunum F7 – F10 skal á aðkomuhæð (H-tala á hæðarblaði) vera gegnumgengt í sameignarrými tengdu anddyri og stigahúsi / lyftu, til að tryggja aðgang að lóð beggja megin við húsið.

Allar svalir sem snúa í suður og vestur skulu vera rúmgóðar, sjá nánar kafla 4.4. Öllum íbúðum á jarðhæð fjölbýlishúsa skal fylgja lóðarhluti til sérafnota sem nær minnst 4 m út frá húsvegg eftir allri íbúðarlengdinni garðmegin. Útlit og efnisval allra skjólveggja á milli sérafnotareita skal samræma og laga að útliti og efnisvali húsa.

Samræma skal einnig útlit og efnisval allra skjólveggja og girðinga á lóðum, að stíl og yfirborðsfrágangi húsa.

Almennt ber að huga að næði og innsýn í íveruherbergi jarðhæðaríbúða. Forðast ber eins og unnt verður að staðsetja bílastæði þannig að þau valdi ónæði í íveruherbergjum.

Heimilt er að nýta þakrými sem viðbót við íbúðir á efstu hæðum.

Staðsetning á skábrautum neðanjarðar bílageymslina og bílastæðum sem koma fram á mæliblöðum eru leiðbeinandi. Heimilt er að flytja skábrautir og bílastæði innan lóðar enda sé sýnt fram á að það sé ásættanleg lausn. Staðsetningar innkeyrslna á fjölbýlishúsalóðir eru bindandi.

Í garðrýmunum skulu vera leiksvæði, sjá nánar kafla 4.7.

Kvaðir á lóðunum um s.s. skjólbelti, trjágróður, almenna gangstíga, aðkomu að bílastæðum, aðkomu og gegnumakstur að lóð o.f.l. koma fram á deiliskipulagsuppdrætti og á mæliblöðum.

Lóðarhafar skulu huga vel að skjólmyndunum á lóðum sínum, skjólbelтum úr gróðri skal plantað, þar sem þörf er og skjólveggir reistir. Huga skal sérstaklega vel að skjólmyndunum á milli húsanna, með t.d. skjólveggjum, sorp- og hjólageymslum, gróðurbeltum o.p.h.

Bílastæðaplön skulu vera umkringd með gróðri sérstaklega við lóðamörk, bæði vegna skjólmyndunar og innsýnar.

Hverfið er í hraunlandsagi og haga skal umgengni og lóðarfrágangi í samræmi við það sjá kafla 4.7. Leitast skal við að skilja eftir eins mikið af ósnertu hrauni og frekast er unnt.

5.2.1 Fjölbýlishús F1

Á skipulagssvæðinu eru tvö sex hæða fjölbýlishús með fjórum íbúðum á hæð, sjá skýringarmynd í kafla 6. Hámarksfjöldi íbúða er 24 að Kirkjuvöllum 5, en 23 íbúðir að Kirkjuvöllum 7.

Gangstígur skal vera akfær að aðalinngangi.

Byggingareitur er 21 x 21 m. Bundin byggingarlína er við götu, og skal a.m.k. 1/3 hluti byggingarinnar liggja að henni.

Hámarks nýtingarhlutfall á lóðinni er 0,85 á Kirkjuvöllum 3, 1,15 á Kirkjuvöllum 5 og 1,16 á Kirkjuvöllum 7 fyrir utan bílgeymslu.

Mænishæð má mest vera 19,8 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Þakhalli skal vera á bilinu 0–14°.

Heimilt er að setja bílageymslu neðanjarðar ef óskað er, sjá nánar í kafla 4.6.

Kirkjuvellir 7 er með bílageymslu neðanjarðar, með stæði fyrir a.m.k. 20 bíla. Öllum íbúðum stærri en 80 m² skal fylgja a.m.k. eitt stæði í bílageymslu, sjá kafla 4.6.

5.2.2 Fjölbýlishús F2

Á skipulagssvæðinu eru eitt fimm hæða fjölbýlishús með fjórum íbúðum á hæð, sjá skýringarmynd í kafla 6. Hámarksfjöldi íbúða er 20.

Kirkjuvellir 9 er með bílageymslu neðanjarðar, með stæði fyrir a.m.k. 20 bíla. Öllum íbúðum stærri en 80 m² skal fylgja a.m.k. eitt stæði í bílageymslu, sjá kafla 4.6.

Gangstígar skulu vera akfærir að aðalinngögum.

Byggingareitur hvers húss er 21 x 21 m. Bundin byggingarlína er við götu, og skal a.m.k. 1/3 hluti byggingarinnar liggja að henni.

Hámarks nýtingarhlutfall byggingar á lóð er 0,85, fyrir utan neðanjarðar bílgeymslu.

Mænishæð má mest vera 16,8 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Þakhalli skal vera á bilinu 0–14°.

5.2.3 Fjölbýlishús F3

Á skipulagsvæðinu er eitt sjö hæða fjölbýlishús með fjórum íbúðum á 1.-6. hæð og 3 íbúðir á 7. hæð, sjá skýringarmynd í kafla 6. Hámarksfjöldi íbúða er 27.

Gangstígur skal vera akfær að aðalinngangi.

Byggingareitur er 21 x 21 m. Bundin byggingarlína er við götu, og skal a.m.k. 1/3 hluti byggingarinnar liggja að henni.

Hámarks nýtingarhlutfall á lóðinni er 0,75.

Mænishæð má mest vera 20 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Þakhalli skal vera á bilinu 0–14°.

Á lóðinni er heimilt að setja bílageymslu neðanjarðar ef óskað er, sjá nánar í kafla 4.6.

5.2.4 Fjölbýlishús F5

Á skipulagssvæðinu eru fjögur þriggja hæða fjölbýlishús með tvær íbúðir á hæð, sjá skýringarmynd í kafla 6. Hámarksfjöldi íbúða er 6 í hverju húsi.

Byggingarreitur hvers húss er 19 x 18 m.

Hámarks nýtingarhlutfall á lóð er 0,85.

Mænishæð má mest vera 10,8 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Þakhalli skal vera á bilinu 0–14°.

Heimilt er að gera bílageymslur á aðalhæðum (H-tölu á hæðarblaði) húsanna. Hámarks langhalli á aðkeyrslum er 5%.

5.2.5 Fjölbýlishús F6

Á skipulagssvæðinu eru átta tveggja hæða fjölbýlishús með tveimur íbúðum á hæð, sjá skýringarmynd í kafla 6. Hámarksfjöldi íbúða er 4 í hverju húsi.

Byggingarreitur hvers húss er 19 x 1 m.

Hámarks nýtingarhlutfall á lóðinni er 0,75.

Mænishæð má mest vera 7,8 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Þakhalli skal vera á bilinu 0–14°.

Heimilt er að gera bílageymslur á aðalhæðum (H-tölu á hæðarblaði) húsanna. Hámarks langhalli á aðkeyrslum er 5%.

5.2.6 Fjölbýlishús F7

Á skipulagssvæðinu er eitt fimm hæða fjölbýlishús með bílageymslu neðanjarðar með stæði fyrir a.m.k. 12 bíla. Öllum íbúðum stærri en 80 m² skal fylgja a.m.k. eitt stæði í bílageymslu, sjá kafla 4.6. Íbúðafjöldinn er samtals 20 íbúðir, sjá skýringarmynd í kafla 6.

Hámarksdýpt byggingarreitar er 12 m. Byggingareitur létrar útbyggingar er 0,9 m djúpur og allt að 1/3 af lengd gafls hússins, þó aldrei nær horni en 2,0 m. Leyfð er útbygging fyrir inngang, stigahús og lyftu allt að 4,0 m djúpan og 8,0 m að lengd, garðmegin við húsið (austan við hús), þó aldrei nær horni en 2,0 m. Bundin byggingarlína er við bílastæðin, og skal húsið fylgja a.m.k. 80% lengd hennar.

Hámarks nýtingarhlutfall er 0,6.

Mænishæð má mest vera 14,5 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Þakhalli skal vera á bilinu 0–14°.

Á aðalhæð (H-tölu á hæðarblaði) skal vera gegnumgengt í sameignarrými tengdu anddyri og stigahúsi / lyftu, til að tryggja aðgang að lóð beggja megin við húsið.

5.2.7 Fjölbýlishús F8

Á skipulagssvæðinu er eitt fjögurra hæða fjölbýlishús með bílageymslu neðanjarðar, með stæði fyrir a.m.k. 26 bíla. Öllum íbúðum stærri en 80 m² skal fylgja a.m.k. eitt stæði í bílageymslu, sjá kafla 4.6. Íbúðafjöldinn er samtals 35 íbúðir. Sjá skýringarmynd í kafla 6.

Hámarksdýpt byggingarreita er 12 m. Bundin byggingarlína er við bílastæðin og skal húsið fylgja a.m.k. 80% lengd hennar.

Hámarks nýtingarhlutfall er 0,75, fyrir utan neðanjarðar bílageymslu.

Mænishæð má mest vera 14,35 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Þakhalli skal vera á bilinu 0–14°.

Á jarðhæð skal vera gegnumgengt í sameignarrými tengdu anddyri og stigahúsi / lyftu, til að tryggja aðgang að lóð beggja megin við húsið.

5.2.8 Fjölbýlishús F9 /verslun /þjónusta

Á skipulagssvæðinu er ~~u eitt eins til tvö~~ þriggja hæða hús fyrir ~~verslun og þjónustu á 1 hæð og heimild fyrir þjónustu eða 12 - 16 íbúðum undir 80 m² hverri (birt flatarmál) á annarri og þriju hæð. 20 íbúðir.~~

~~Hámarksdýpt byggingarreits er 22 m á 1. hæð og 12 m á 2. og 3. hæð. Ónnur og þriðja hæðin eru inndregnar 3 m að austanverðu og 7 m að vestanverðu, frá byggingarreit 1. hæðar.~~ Bundin byggingalína er meðfram Kirkjuvöllum og skal fyrsta hæða a.m.k. 1/3 hluti byggingarinnar fylgja henni ~~allri~~.

Hámarks nýtingarhlutfall er 0,7565.

Mænishæð má mest vera 12,510,8 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Þakhalli skal vera á bilinu 0–14°.

Bílastæðakröfur fyrir íbúðirnar eru ~~1 stæði á íbúð enda skulu íbúðirnar vera minni en 80 fórmétrar (birt flatarmál)~~ skv. Byggingarreglugerð.

~~Bílastæðakröfur fyrir verslun / þjónustu er 1 stæði á hverja 30 m² húsnæðis.~~

Á lóðinni er heimilt að setja bílageymslu neðanjarðar ef óskað er, sjá nánar í kafla 4.6.

5.2.9 Fjölbýlishús F10

Á skipulagsvæðinu eru þrjú fjögurra hæða fjölbýlishús með fjórum íbúðum á hæð, sjá skýringarmynd í kafla 6. Hámarksfjöldi íbúða er 16 í hverju húsi.

Gangstígur skal vera akfær að aðalinngangi.

Byggingareitur er 21 x 21 m. Bundin byggingarlína er við götu, og skal a.m.k. 1/3 hluti byggingarinnar liggja að henni.

Hámarks nýtingarhlutfall á lóðinni er 0,85.

Mænishæð má mest vera 11,6 m fyrir Berjavelli 1 og 3 og 11,4 m fyrir Akurvelli 1 yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Þakhalli skal vera á bilinu 0–14°.

Á lóðinni er heimilt að setja bílageymslu neðanjarðar ef óskað er, sjá nánar í kafla 4.6.

5.3 Námsmannaíbúðir

Á skipulagssvæðinu eru þrjár mismunandi lóðir fyrir námsmannaíbúðir, N1 og N2, í þriggja og fjögurra hæða húsum. Með alls 194 íbúðum. Námsmannaíbúðirnar standa við Bjarkarvelli.

Við fjölbýlishús N1 og N2 er heimilt að hafa óupphitaða svalganga, í samræmi við skilgreiningu B rýma í fylgiskjölum með reglugerð um

eignaskiptayfirlýsingar, útreikninga hlutfallstalna o.fl. í fjölbýlishúsum. Tryggja skal útloftun og útsýni frá íbúðum um svalganga. Ef svefnherbergi snúa að svalgangi er æskilegt að innsýn sé takmörkuð.

Inngangar að öllum byggingunum skulu vera frá sameiginlegum garðrýmum. Á lóð Bjarkavalla 5 er þó heimilt að hafa innganga frá Ásbraut.

Allar svalir sem snúa í suður og vestur skulu vera rúmgóðar, sjá nánar kafla 4.4. Öllum íbúðum á jarðhæð fjölbýlishúsa skal fylgja lóðarhluti til sérafnota sem nær minnst 3 m út frá húsegg eftir allri íbúðarlengdinni garðmegin. Útlit og efnisval allra skjólveggja á milli sérafnotareita skal samræma og laga að útliti og efnisvali húsa.

Samræma skal einnig útlit og efnisval allra skjólveggja og girðinga á lóðum, að stíl og yfirborðsfrágangi húsa.

Almennt ber að huga að næði og innsýn í íveruherbergi jarðhæðaríbúða. Forðast ber eins og unnt verður að staðsetja bílastæði þannig að þau valdi ónæði í íveruherbergjum.

Hverfið er í hraunlandslagi og haga skal umgengni og lóðarfrágangi í samræmi við það sjá kafla 4.7. Leitast skal við að skilja eftir eins mikið af ósnertu hrauni og frekast er unnt.

5.3.1 Námsmannaíbúðir N1

Á skipulagssvæðinu eru tvær lóðir fyrir námsmannaíbúðir við Bjarkavelli. Á lóðunum Bjarkavöllum 1 er gert ráð fyrir ~~79-101~~ íbúðum og Bjarkavöllum 5 er gert ráð fyrir 100 íbúðum.

Bjarkavellir 1:

Byggingarnar skulu vera ~~3-5~~ hæðir.

~~Einn þrír byggingareitir eru á lóðinni einn fyrir 3 hæða byggingu, annar fyrir 4 hæða byggingu og briðji fyrir 5 hæðabyggingu, og er fyrirkomulag bygginga innan hans háð nánari hönnun frá byggjandanum.~~

~~Skýringaruppdrátturinn sýnir dömi um uppröðun bygginga.~~ Bundnar byggingalínur eru meðfram Kirkjuvöllum og meðfram bílastæðum við Ásbraut og skulu byggingarnar liggja að þeim.

Gangstígar skulu vera akfærir að aðalinngöngum.

Hámarks nýtingarhlutfall er 0,65.

Mænishæð á 3.hæða byggingu má mest vera 10,8-0 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

~~Mænishæð á 4.hæða byggingu má mest vera 12,3 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).~~

~~Mænishæð á 5.hæða byggingu má mest vera 15,4 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).~~

Þakhalli skal vera á bilinu 0-14°.

Bílastæðakröfur fyrir íbúðirnar eru 1 stæði á íbúð enda skulu íbúðirnar vera minni en 80 fermetrar (birt flatarmál).

Planta skal trjágróðri á milli bílastæða og Ásbrautar, bæði vegna skjólmyndunar og innsýnar.

Á lóðinni er heimilt að setja bílageymslu neðanjarðar ef óskað er, sjá nánar í kafla 4.6.

Bjarkavellir 5:

Byggingarnar skulu vera 3-4 hæðir.

Tveir byggingareitir eru á lóðinni og er fyrirkomulag bygginga innan þeirra háð nánari hönnun frá byggjandanum. Heimiluð er bygging stigahúss við hús III norðan byggingarreits, að göngustígskvöö við bílastæði.

Í nyrðri byggingareitnum skulu byggingarnar vera 4 hæðir en í syðri byggingareitnum 3 hæðir. Skýringaruppdrátturinn sýnir dæmi um uppröðun bygginga. Bundin byggingalína er meðfram Kirkjuvöllum og skulu byggingarnar liggja að henni.

Gangstígar skulu vera akfærir að aðalinngöngum.

Hámarks nýtingarhlutfall er 0,65.

Mænishæð má mest vera 12,3 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Bakhalli skal vera á bilinu 0–14°.

Bílastæðakröfur fyrir íbúðirnar eru 1 stæði á íbúð enda skulu íbúðirnar vera minni en 80 fermetrar (birt flatarmál).

Planta skal trjágróðri á milli bílastæða og Ásbrautar, bæði vegna skjólmyndunar og innsýnar.

Á lóðinni er heimilt að setja bílageymslu neðanjarðar ef óskað er, sjá nánar í kafla 4.6.

5.3.2

leikskóli/grunnskóli Námsmannaíbúðir N2 /Leikskóli

Á skipulagssvæðinu við Bjarkarvelli er ein lóð ~~fyrir-fyrir 15 námsmannaíbúðir á 2.-4. hæð og grunnskóla/ leikskóla á 1-3. hæðum.~~ Húsið skal vera fíðar hæðir. Aætluð stærð leikskólags er allt að 860 m². Íbúðirnar skulu vera undir 80 fermetrar (birt flatarmál) að stærð.

Hámarksdýpt byggingar~~reits~~ er 20 m á ~~4. hæð og 12,8 m á 2. - 4. Hæðöllum hæðum.~~ Önnur til fíðar hæðin eru innregnar ~~7,2 m að sunnanverðu, frá byggingarreit 1. hæðar.~~ Bundin byggingalína er meðfram Bjarkarvöllum og skal byggingin fylgja ~~henni allrihluta hennar.~~

Hámarks nýtingarhlutfall er 0,~~6545~~.

Mænishæð ~~einnar hæðar byggingar~~ má mest vera ~~14,83,7~~ m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

~~Mænishæð tveggja hæða byggingar má mest vera 9,5 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).~~

Mænishæð þriggja hæða byggingar má mest vera 12,8 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Þakhalli skal vera á bilinu 0–14°.

Á lóðinni skulu vera a.m.k. 26 bílastæði. Planta skal trjágróðri á milli bílastæða og Ásbrautar, bæði vegna skjólmyndunar og innsýnar.

~~Bílastæðakröfur fyrir íbúðar eru 1 stæði á íbúð enda skulu íbúðar vera minni en 80 fórmótrar (birt flatarmál).~~

~~Bílastæðakröfur fyrir leikskélann eru 11 stæði.~~ Reiknað er með samlegðaráhrifum af bílastæðum námsmannaíbúða á svæðinu og leik-/grunnskólans.

Á lóðinni er ekki heimilt að setja bílageymslu neðanjarðar en heimilt er að vera með kjallara undir hluta húss, ef óskað er, sjá nánar í kafla 4.6.

5.4 Lóð fyrir þjónustuíbúðir

5.4.1 Lóð fyrir hjúkrunarheimili

Á skipulagssvæðinu er ein lóð fyrir þriggja til fimm hæða hjúkrunarheimili þjónustuíbúðir með þjónustumiðstöð fyrir aldraða.

Formatted: Normal, Justified

Hámarksdýpt byggingarreits er 20 m á 1. - 5. hæð. Á 1. hæð er útbygg- ingareitur, sjá skipulagsupprátt og mæliblöð. Byggingin skal fylgja a.m.k. 80% af bundinni byggingarlínu.

Hámarks nýtingarhlutfall er 1,5.

Mænishæð má mest vera 16 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Þakhalli skal vera á bilinu 0–14°.

Bílastæðakröfur eru að lágmarki 70 stæði.

Á lóðinni er heimilt að setja bílageymslu neðanjarðar ef óskað er, sjá nánar í kafla 4.6.

5.5 Lóð fyrir heilsugæslu / þjónustu

Á skipulagssvæðinu er eitt eins til þriggja hæða hús með heilsugæslu og þjónustu, við Kirkjuvelli.

Gert er ráð fyrir 6 lækna heilsugæslustöð, u.p.b. 1000 m² húsnæði.

Hámarksdýpt byggingarreits er 22 m. Bundin byggingalína er meðfram Kirkjuvöllum og skal byggingin fylgja henni allri.

Hámarks nýtingarhlutfall er 0,45.

Mænishæð má mest vera 12,5 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Þakhalli skal vera á bilinu 0–14°.

Bílastæðakröfur eru 1 stæði á hverja 30 m² húsnæðis.

5.6 Lóð fyrir kirkju

Á skipulagssvæðinu er ein lóð fyrir kirkju og safnaðarheimili , við Kirkjuvelli.

Hámarks nýtingarhlutfall er 0,25.

Mænishæð má mest vera 20 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Þakhalli og þakform eru frjáls.

Á lóðinni er hraunsvæði sem skal vera óhreyft, sjá skipulagsuppdrátt, mæliblað, og kafla 3.8.

Bílastæðakröfur eru að lágmarki 95 stæði.

5.7 Lóð fyrir sundlaug

Á skipulagssvæðinu er lóð fyrir sundlaug við Ásvelli, vestan við Haukasvæði. Gert er ráð fyrir 50 m langri innisundlaug, upphitunar- / kennslulaug, ásamt búningsaðastöðu o.s.frv. Einnig er gert ráð fyrir útilaug, vatnsvæði, heitum pottum og sólbaðsaðstöðu.

Hámarks nýtingarhlutfall er 0,25.

Mænishæð má mest vera 10 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Þakhalli og þakform eru frjáls.

Á lóðinni er hraunsvæði sem skal vera óhreyft, sjá skipulagsuppdrátt, mæliblað, og kafla 3.8.

Bílastæðakröfur eru að lágmarki 265 stæði. Reiknað er með samnýtingu bílastæðanna með íþróttasvæði Hauka og kirkju.

5.8 Lóðir fyrir spennistöðvar

Á skipulagssvæðinu er tvær lóðir fyrir spennistöðvar Hitaveitu suðurnesja á milli Ásbrautar og lóðar hjúkrunarheimilis við Einivelli og að Tjarnarvöllum 15a, sjá deiliskipulags-uppdrátt. Heimilt er að byggja eina spennistöð innan hverra lóðarmarka.

Hámarkshæð spennistöðvar er 3,5 m yfir gólfkóta aðalhæðar (H-tölu á hæðarblaði).

Þakhalli skal vera á bilinu 0–14°.

Lóðina skal planta með trjágróðri.

5.9 Lóð fyrir sorpmóttöku

Á skipulagssvæðinu er lóð fyrir grenndarstöð með safngánum fyrir sorpmóttöku á milli verslunar- og heilsugæslulóðar, sjá deiliskipulagsupprátt og kafla 3.11.

Bílastæðakröfur eru að lágmarki 4 stæði.

6. Skýringarmyndir

6.1 Fjölbýlishús

6.1.1 Fjölbýlishús F 1 - F 4 og F10

6.1.2 Fjölbýlishús F 5 – F 6

6.1.3 Fjölbýlishús F 7

6.1.4 Fjölbýlishús F 8

6.2 Jafngildishljóðstig.

6.3 Umferðarspá.

6.4 Skýringaruppdráttur.

6.5 Skipulagsuppdráttur.